

Nd.

278. Frumvarp til laga

[132. mál]

um lánasjóð stúdenta.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið lánasjóður stúdenta. Skal sjóðnum varið til að veita stúdentum við háskólann námslán, eftir því sem frekar er kveðið á í lögum þessum.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum: tveim tilnefndum af háskólaráði, tveim af stúdentaráði háskólans og einum tilnefndum af menntamálaráðherra, en hann skipar jafnframt formann sjóðsstjórnarinnar. Stjórnarmennirnir skulu skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir fyrstu tvö árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti.

2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt stúdentum við Háskóla Íslands. Þó getur ráðherra eftir tilmælum sjóðsstjórnarinnar ákveðið, að lánsheimildin nái einnig til annarra stúdenta.

Lánin skulu veitt tvisvar á ári, í nóvember og marzmánuði, og er heimilt að lána út á einu ári allt að 500 000 kr. Hver stúdent skal hafa heimild til að taka lán, þau ár, sem hann er í háskólanum, en þó ekki oftari en hæfilegur námstími er talinn í hverri deild. Ár miðast við háskólaár hverju sinni.

Stúdentar skulu enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% vöxtum á tíu árum. Skulu vaxtagreiðslurnar og afborganirnar hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf

Að því athuguðu, er að framan greinir, ætti að vera ljóst, að ekki er unnt að byggja á framhaldandi greiðslu 250000 kr. styrksins, og nauðsyn er nýrra úrræða í þessu efni.

II. *Lánasjóður*. Það er ljóst, að óendurkræfir styrkir þyrftu að hækka gífurlega frá því sem nú er, til þess að þeir kæmu stúdentum, sem þá fá, að verulegum notum. Eins og er, skiptist styrkurinn milli svo margra, að segja má, að hann hafi mjög lítið notagildi fyrir hvern og einn. Ekki væri þó nægjanlegt að hækka styrkina stöku sinnum, heldur myndu þeir þurfa að hækka ár frá ári í samræmi við aðstæður á hverjum tíma. Slíkt gæti er fram líða stundir leitt til mjög mikilla útgjalda fyrir ríkissjóð.

Það er aðalatriðið fyrir stúdentinn að hafa nægilegt fé til þess að mæta námskostnaðinum, og þar eð auðsætt er, að til þess fær hann ekki nægilegan óendurkræfan styrk, er leiðin til námslána með svo góðum kjörum, að hún er stúdentinum viðráðanleg, sú lausn, er virðist skynsamlegust. Segir um þessi efni svo í greinargerð Stúdentaráðs:

„Það mætti líka segja, að stúdentum sé ekki vandara um en öðrum þjóðfélagsþegnum að taka lán til að ná ákveðnu marki í lífinu. Þá leið hafa líka margir farið, svo sem umsóknareyðublöð þeirra um styrki sýna, og fjöldi stúdenta er skuldum vafinn, og mörg lánin eru víxillán.

Fyrir ríkissjóð er það veigamikilið hagsmunamál að losna við að greiða óendurkræfa styrki. Það er ekki ósanngjarnt að fara fram á, að Alþingi geri það, sem í þess valdi stendur, til að hjálpa stúdentum að byggja upp öflugan lánasjóð, sem með tímanum verður því hlutverki vaxinn, að verða stúdentum sú stoð og stytta, sem gerir þeim kleift að vinna áhyggjulausir að námi sínu, verða fljótari með það og ef til vill hver og einn færari í sínu fagi, sem kemur þjóðfélaginu í heild að haldi, og mundi þá ríkissjóður einnig losna við alla námsstyrki til stúdenta við Háskóla Íslands, er tímar líða fram.“

Því er lagafrumvarp þetta fram komið.